

Rýniferð 2024

Istanbul 27. september - 6. október

RÝNIFERÐIR fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga sem hófust árið 1998 á vegum Tæknifræðingafélags Íslands hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Nú er stefnt á 24. ferðina, að þessu sinni er ferðinni heitið til Istanbul í Tyrklandi dagana 27. september til 6. október 2024. Ferðin er opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt maka eða öðrum ferðafélaga. Skipulag ferðarinnar miðast við 100 þátttakendur að hámarki.

Ferðatilhögun:

Hópnum verður skipt upp í tvo 50 manna hópa þar sem annar hópurinn millilendir í London og hinn í Stokkhólmi. Báðir hópar munu leggja af stað frá Keflavík með Icelandair um kl. 7.35 föstudaginn 27. september og lenda í Istanbul um kl. 20 (kl. 17 að íslenskum tíma). Frá London og Stokkhólmi er flogið með Turkish Airlines til Istanbul og tekur flugið rúmar þrjár klst. Heimferð sunnudaginn, 6. október er með sömu flugleggi. Auk almennra skoðunarferða um Istanbul fyrir allan hópinn verður farið í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Dagskráin er unnin í samstarfi við hjónin Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Hjörleif Sveinbjörnsson sem bjuggu í Istanbul í tæp fjögur ár. Ingibjörg og Hjörleifur munu koma með í ferðina og verða hluti af fararstjórategyminu.

Borgin Istanbul

Istanbul (tyrkneska: *İstanbul*) er stærsta borg Tyrklands og fyrrum höfuðborg Tyrkjaveldis. Frá árinu 330 e.Kr. til 1930 nefndist borgin Konstantínópel eftir Konstantínusi mikla keisara, sem gerði borgina að höfuðborg Rómaveldis. Borgin stendur beggja vegna Bosporusunds. Hún er eina borg heims sem stendur í tveimur heimsálfum; í Evrópu (Þrakíu) og Asíu (Anatólíu). Margar frægar byggingar eru í borginni og má nefna Sofíukirkjuna, Sultan Ahmed moskunu (Bláu moskuna) og Suleymaniye moskuna. Árið 2020 bjuggu um 15,5 milljónir í borginni, eða tæpur fimmtungur allra íbúa Tyrklands, sem gerir hana að stærstu borg í Evrópu. Vakin er athygli á að borgin er mjög þétt og byggð á nokkrum hæðum og því eru víða brekkur sem þarf að ganga.



Gera má ráð fyrir að hitastig yfir daginn verði 22-25 gráður en svalara á kvöldin 16–19 stig.

Götur eru þröngar í Istanbul og mikil bílaumferð og því gerum við ráð fyrir nokkuð mikilli göngu um borgina í ferðinni.

Gisting

Meðan á dvöl stendur verður gíst á hótél Grand Hyatt, fimm stjörnu hóteli, sem er afar vel staðsett í Evrópska hluta borgarinnar. Hótelið er í fimm mínútna göngufjarlægð frá Taksim torginu, með tilheyrandi verslunum veitingastöðum og mörkuðum www.grandhyattistanbul.com

Á hótelinu eru 360 herbergi, 40 fermetrar að stærð. Innfalið er morgunmat. Góður sundlaugargarður tilheyrir hótelinu. Á hótelinu eru veitingastaðir, barir, setustofa, spa o.fl.



Þátttakendur munu fá 10% afslátt að mat og drykkjum á hótelinu.

Dagskrá ferðar:

Ekki er um endanlega dagskrá að ræða og er hún birt með fyrirvara um breytingar.

Föstudagur 27. september.

Ferðadagur:

Brottför frá Keflavík kl 7.35 með Icelandair. Millilent í Stokkhólmi eða London. Flogið áfram til Ístanbul, landing um kl. 20 (kl.17 á íslenskum tíma). Farið með rútum ásamt leiðsögumönnum á hótél.

Laugardagur 28. september:

Skoðunarferð um Ístanbul, allur hópurinn, kl. 11:00-16:00

Gönguferð frá hóteli undir leiðsögn Hjörleifs og Ingibjargar Sólrúnar. Istiklal-gatan frá Taksim-torgi að Galata-turni (2,4 km). Þaðan að Galata-brúnni sem liggur yfir Halic (Golden Horn). Ganga um Karaköy-hverfið við Bospórus. Gengið hjá Kilic Ali Pasha moskunnar þar sem er fallegt hammam. Við munum einnig skoða Pera Palace hótelið, þar sem Agatha Christie dvaldi oft. Í göngunni mun hópurinn smakka vinsæla fiskisamlöku, sem eru sannkallaðar „bæjarins bestu“ þeirra Tyrkja.



Kili Ali Pasha Hammam



Kili Ali Pasha Moskan



Taksim torgið

kl. 16.00 Rúta sækir hópin og skutlar á hótelið. Kvöldið frjálst.

Sunnudagur 29. september.

Skoðunarferð um gamla borgarhluta Istanbúl, allur hópurinn, kl. 10:00-15:00.

Brottför frá hóteli með rútu . Hópurinn fluttur að Ayasofia í Sultanahmet.

Gönguferð undir leiðsögn Hjörleifs og Ingibjargar Sólrúnar um gömlu Istanbul (Konstantínópel). Ayasofia, Bláa moskan, Basilica cistern (vatnsveita Rómverja), Hippodrome (kappreiðabraut Rómverja), þýski gosbrunnurinn og fleiri sögulegar minjar.

Athugið að konur verða að hylja hár sitt með slæðu, þegar farið er inn í moskur. Auk þess verða allir að hylja fótleggi (síðbuxur, síðpils).

Farið til baka með rútu á hótél kl 15.00.



Bláa moskan



Basilica cistern, vatnsveita Rómverja

Sameiginlegur hátíðakvöldverður í veislusal hótelsins (innifalið), kl 19:00.



Mánudagur 30. september


Fræðingar kl. 9:00-16:00:

Farið með rútu í heimsókn í Teknopark Istanbul sem staðsett er í um 50 km. fjarlægð frá hótelinu, rétt utan við Istanbul. Á svæðinu eru um 500 fyrirtæki sem vinna á sviði þróunar og nýsköpunar. Farið verður í heimsókn til 3-4 fyrirtækja, sem munu kynna starfsemi sína. Komið aftur heim á hótél um kl 16.00.

[Teknopark Istanbul \(teknoparkistanbul.com.tr\)](http://teknoparkistanbul.com.tr)

R&D Companies

Search For Companies



Defense
Industry
Technologies




Aviation
and Space
Technologies



Marine
Technologies




Industrial
Design
Technologies



Health
Sciences
Technologies



Advanced
Electronic
Technologies



Energy
Technologies



Advanced
Materials
Technologies



Other



Makar/ferðafélagar kl 9:00 – 14:00

Farið með rútu í skoðunarferð „Secret treasure of Istanbul“ undir leiðsögn innlendra enskumælandi fararstjóra. Auk þess sem Ingibjörg Sólrún og Hjörleifur verða með hópnum. Byrjað verður á því að skoða Süleymaniye moskuna, sem er frá 16. öld í byrjun Ottoman veldisins. Fleiri staðir verða skoðaðir eins og Fener, Balat og Golden Horn og fleira. Hópurinn mun smakka hefðbundið tyrkneskt te og sjá leifar af borgarvirki Istanbul frá 5. öld.

Komið heim á hótél um kl 14.00.

Frjáls eftirmiðdagur og kvöld.



Þriðjudagur 1. október. Hvíldardagur 😊

Frjáls dagur . Engin skipulögð dagskrá.

Miðvikudagur 2. október

Fræðingar, kl 9:00- 13:30.

Skoðunarferðir á framkvæmdasvæði jarðgöng , brýr eða annað. Komið til baka á hótél kl. 13.30

Eftirmiðdagssigling um Bosporus sund. Allur hópurinn.

Hópurinn sóttur á hótél. Siglt verður um þessa frægu siglingaleið þar sem sjá má fjölda gamla bygginga með mikla sögu. Meðal annars Baraqu palace höll Ottomans söldansins. Í boði verður kvöldverður á skipinu eða á veitingastað, innifalinn



Fimmtudagur 3. október.

Frjáls dagur.

Auk þess að dvelja í góðu yfirlæti á hótelinu væri meðal annars hægt að gera eftirfarandi:

Skoða markaði: Grand Bazaar 550 ára gamall (opið 08:30 – 19:00). **Arasta Bazaar** (opið 09:00 – 19:00) og **Spice Bazaar: Grand Bazaar** er 550 ára gamall heimsþekktur markaður með um 4000 verslunum, risastór og kaótískur, en Arasta Bazaarinn er „settlegrí“ með fínni og yfirlætt dýrari vörur.



Grand bazar.

Fara í skipulagða skoðunarferð sem hægt er að kaupa á hótelinu.

Til dæmis: **Princes' Islands (Adala)** Sigling með ferju til Buyukada – 1.5 klst sigling. Engin akandi umferð hefur verið í eyjunum en hugsanlega er hægt að fá rafbíl. Annars verður að notast við reiðhjól eða hestvagna eða hreinlega ganga. Mikill húsaarfur frá dögum Ottómana. Mögulega göngutúr að Aya Jorgi (kirkja) eða Gríska munaðarleysingjahælinu sem er stærsta timburbygging Evrópu en í mikilli niðurníðslu. Skoðunarferðin með hádegisverði kostar um 70 evrur.

Heimsækja Hammam (tyrknesk böð) sem eru heimsþekkt. Margt í boði en eitt það fallegasta er Kilic Ali Pasha í Karaköy. Þar er opið fyrir konur 08:00 – 16:00 og karla 16:45 – 23:30. Nauðsynlegt að panta fyrirfram. Reikna má með heimsóknin taki tvær klukkustundir. Algengasta baðið kostar um 11.000 kr. auk þjófés.

Heimsókn í **Istanbul modern**, heimsþekkt nútímalistasafn.

Heimsókn í **Zorlu Center**: „Upscale“ verslunarmiðstöð.



Föstudagur 4. október

Fræðingar, kl. 9:00-14:00

Lagt af stað með rútu frá hótelinu. Gerum ráð fyrir að skoða áhugaverð mannvirki, brýr, framkvæmdir og fleira. Dagskráin er í vinnslu.

Makar / ferðafélagar, skoðunarferð. kl. 9:30-14:00

Heimsókn í Topkapi höllina með Ingibjörgu Sólrúnu og Hjörleifi. Höllin var heimili Ottoman soldánanna, frá 15. öld fram á þá 19.

Allur hópurinn mun síðan hittist á Grand Bazaar kl 14.00 og tilvalið er að nýta daginn á markaðinum eða röltu um bæinn. Rúta mun fara á hótelið með þá sem það vilja.



Laugardagur 5. október.

Frjáls dagur.

Sunnudagur 6. október. Heimferðardagur

Farið með rútum út á flugvöll.

Flug til London og Stokkhólms kl. 15.00. Lendum í Keflavík um kl. 23.40.

Kostnaður:

Kostnaður við ferðina er áætlaður um 380-390 þús. kr. í tveggja manna herbergi og um 510-530 þús. kr. í eins manns herbergi.

Innifalið: Flug, hótulgisting með morgunmat, rúta til og frá flugvelli, sameiginlegur kvöldverður, 2-3 aðrir málsverðir, allar skoðunarferðir o.fl.

Vakin er athygli á því að þeir félagsmenn VFÍ sem eru sjóðfélagar í starfsmenntunarsjóðum félagsins geta sótt um styrk til ferðarinnar.

Skráningar

Tekið verður við skráningum **frá og með miðvikudeginum 21. febrúar kl. 9:00 á netfangið: skrifstofa@verктаekni.is**. Skráningar fyrir þann tíma eru ekki teknar gildar.

Gert er ráð fyrir að hámarki 100 manns í ferðina. Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram við skráningu: Nafn/ nöfn–Kennitala–Netfang–sími.

Eftir að skráningu lýkur verður send út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds kr. 65.000 á farþega. Greiða skal gjaldið fyrir 8. mars 2024.

Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að fylla í sæti hjá þeim sem forfallast.

Fararstjórn:

Jóhannes Benediktsson, sími 665-6130, johannes@efla.is

Hreinn Ólafsson, sími 693-7401, hreinn.olafsson@reykjavik.is

Eva Yngvadóttir, sími 665-6078, eva@efla.is

Leiðsögn í Istanbúl: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Hjörleifur Sveinbjörnsson

